

Fundargerð 474

Fimmtudaginn 1. ágúst 2019 kl. 10:00 hélt stjórn Byggðastofnunar símafund. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson stjórnarformaður, Sigríður Jóhannesdóttir, Karl Björnsson, Gunnar Þór Sigbjörnsson, Gunnar Þorgeirsson og Halldóra K. Hauksdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði, Pétur Friðjónsson sérfræðingur á fyrirtækjasviði og Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri og ritar hann fundargerð.

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Tillaga um riftun samnings um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri.

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn.

Lagt var fram minnisblað forstjóra Byggðastofnunar dags. 3. júlí 2019 með tillögu um riftun samnings um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri. Með samkomulagi dags. 27. ágúst 2018 gerðu Byggðastofnun, Hlunnar ehf., West Seafood ehf. og ÍS-47 ehf. með sér samning um nýtingu 400 þorskígildistonna af aflamarki Byggðastofnunar auk mótframlaga með það að markmiði að treysta byggðafestu á Flateyri. Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir því að verulegir annmarkar hafi um langa hríð verið á framkvæmd samkomulagsins þannig að ljóst sé að markmiðum þess verði ekki náð og að aðilar séu hættir að vinna eftir því.

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 643/2016 er eftirlit með framkvæmd reglna um aflamark Byggðastofnunar í höndum Byggðastofnunar í samráði við viðkomandi sveitarstjórn og atvinnuþróunarfélag. Sé það mat þessara aðila að um alvarleg frávík sé að ræða frá ákvæðum samningsins, getur Byggðastofnun rift honum einhliða hvenær sem er á samningstímanum.

Á símafundi þann 31. maí sl. var sú afstaða kynnt fulltrúum Ísafjarðabæjar og atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (Vestfjarðastofu). Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 1. júlí sl. var eftirfarandi bókun gerð:

„Bæjarráð harmar þá stöðu sem upp er komin en með vísan til framkominna upplýsinga telur Ísafjarðarbær það hag Flateyringa að nýr aðili komi inn á svæðið með vinnslu og leggur Ísafjarðarbær jafnframt áherslu á að fundin verði lausn til frambúðar. Bæjarráð fellst á það mat Byggðastofnunar að aðstæður séu með þeim hætti að ekki verði komist hjá riftun á samningi um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri.“

Í skriflegu svari Vestfjarðastofu dags. 25. júní sl. kemur fram að *“Í ljósi þeirra gagna sem stjórn Vestfjarðastofu hefur fengið aðgang að, má telja einsýnt að West Seafood hafi brotið gegn samningi sínum við Byggðastofnun. Telur stjórn Vestfjarðastofu í ljósi þess eðlilega ráðstöfun af hálfu Byggðastofnunar að rifta samningi við West Seafood á Flateyri.”*

Fyrir fundinum liggur eftirfarandi tillaga um að rifta samkomulaginu:

„Lagt er til að samkomulagi Byggðastofnunar, Hlunna ehf., West Seafood ehf. og ÍS-47 ehf. dags. 27. ágúst 2018 um nýtingu 400 þorskígildistonna af aflamarki Byggðastofnunar auk mótframlaga aðila með það að markmiði að treysta byggðafestu á Flateyri, verði rift frá og með 31. ágúst n.k og aflamark Byggðastofnunar vegna Flateyrar verði þegar í stað auglýst að nýju.“

Allir fundarmenn tóku til máls. Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30
Aðalsteinn Þorsteinsson, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____